

110. fundur Skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 7. júní 2017 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 11.30-13.30

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.
2. Könnun um RDA skráningu: Hallfríður greindi frá því að verið væri að undirbúa að gera könnun meðal skrásetjara um hvernig þeim gangi að skrá samkvæmt RDA. Markmiðin með könnuninni þurfa að vera ljós. Gagnlegt væri t.d. að vita hvaða hjálpargögn skrásetjarar væru að nota og nýta mætti niðurstöðurnar til að betrubæta Handbók skrásetjara og fá fólk til að nota RDA-Toolkit. Einnig þurfa niðurstöðurnar að sýna samanburð á milli RDA og AACR, en ljóst er að fólk skráir mismunandi mikið og að ekki hafa allir samanburð við AACR skráningu. Tilhögun könnunarinnar: fjölvalsmöguleikar og athugasemdir. Samþykkt var að senda könnunina út í september þegar fólk væri komið í gang eftir sumarfrí. Hallfríður er að vinna í því að breyta tenglum úr Handbók skrásetjara í RDA-Toolkit til þess að auðvelda fólki að finna og velja viðkomandi reglu. Samþykkt var að gera könnunina í nafni Skráningarráðs og senda á þá sem hafa RDA skráningarheimild. Hallfríður mun athuga hvaða form henti könnuninni best og senda drög að henni á Skráningarráð. Landskerfi mun útbúa lista yfir skrásetjara.
3. Greiniskráning rafrænna tímarita: Staðallinn sem notaður er til að merkja „staðsetningu innan hýsils“ í sviði 773 er ekki nægjanlega sveigjanlegur fyrir rafræna tímaritsútgáfu þar sem framsetning á þessum upplýsingum er ekki eins og í hefðbundnum prentútgáfum. Notast er við svokallaðan Vancouver staðal en hann miðast við árgang, hefti og blaðsíðutal. Í rafrænum útgáfum eru þessar upplýsingar oft ekki til staðar. Rafrænar greinar hafa ekki alltaf blaðsíðutal innan tímaritsins í heild og stundum eru eingöngu notuð greinarnúmer ásamt Doi-númeri í stað árgangs- og heftisnúmera. Rósa benti á að rafrænar greinar væru oft gefnar út fyrirfram (fyrirframútgáfa) og birtust þá strax á netinu áður en þær fengu staðsetningu innan tímaritsins. Því gætu árgangs- og tölublaðamerkingar komið síðar. Hallfríður benti á að reglur í 773 væru mjög stífar og að finna

þyrfti út úr því hvernig best bæri að setja upplýsingarnar fram á samræmdan hátt. Staðla þyrfti framsetningu á ártali og greinarnúmeri og finna Doi-tengli stað innan færslunnar. Hugsanlega væri gagnlegt að hafa APA-staðalinn til hljóðsjónar. Hallfríður og Helga Kristín munu reyna að finna lausn á framsetningu þessara viðbótarupplýsinga.

4. Skráning rafbóka: Þóra greindi frá því að erindi hefði borist Borgarbókasafni frá Rósu Björgu í Landsbókasafni vegna Overdrive-færslna fyrir íslenskar bækur í Gegni. Tvær færslur eru fyrir sömu bókina þar sem hún er annars vegar skráð í Lbs og hins vegar er hlaðið inn færslu úr Overdrive þannig að upplýsingum slær saman. Spurningin er hvort ekki þurfi að sameina þessar færslur og hvort ekki þurfi að móta skýrari reglur um það efni sem hlaðið er inn. Fram kom að íslenskum bókum fjölgar ört í Rafbókasafninu og eru bækur frá Lestu.is m.a. komnar þangað inn. 13 ný bókasöfn eru nú aðilar að safninu.

Rafbókahópur Borgarbókasafns samþykkir færslur inn í Overdrive en í þeim hópi eru ekki skráningarsérfræðingar. Vera þarf á varðbergi gagnvart íslensku efni sem gefið er út á rafbókarformi koma á ströngu gæðatékki. Samþykkt var að fela Rósu Björgu að finna verkferil og vera í forsvari fyrir þessu.

5. Önnur mál

- Rósu hafði borist fyrirspurn um skráningu rafbóka varðandi spurningarmerki í færslusniðinu í 008 sviðinu, t.d. sæti 30 (festschrift). Þar þarf að setja inn kóðann 0. Rósa lagði til að ekkert væri í þessum sætum og spurningarmerkin tekin út.
- Þóra benti á að tvípunktur væri endurtekinn í birtingu á sviði 246 33, annar titill, þegar undirtitill væri skráður. Skoða þarf ástæðu þess.
- Þóra velti fyrir sér hvort skoða þyrfti hvort það séu of margir möguleikar í felliglugga valmyndar í Finna leitinni (allir indexar eru á bakvið Finna leitina).
Hún spurði einnig hvað „tegund tónlistar“ þýddi í Finna leitinni en á bakvið þetta munu vera kóðar úr 008 sviðinu, t.d. jz = jazz. Jafnframt spurði hún um notkun á sviði 094 sem er fyrir flokkstölu tónlistar en tónlist væri annars flokkuð skv. Dewey. Þetta mun vera þýskt kerfi fyrir flokkun á tónlist sem var á sínum tíma sett inn fyrir Tónlistarskólann í Reykjavík.
- Að lokum ræddi Sigrún örstutt um hleðslur í overdrive.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 14. september kl. 9.

Fundi slitið kl. 13.15